Fagurgerði á Selfossi:

Deiliskráning fornleifa

Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS825-20481
Reykjavík
2021

Forsíðumyndin sýnir staðsetningu Fagurgerðis ÁR-217:009, horft til austurs.

Ljósmynd: Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©Fornleifastofnun Íslands ses
2021
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar sem gerð var vegna breytinga á deiliskipulagi á Selfossi, milli gatnanna Sigtúns til vesturs og Fagurgerðis til austurs. Skráningin var unnin fyrir Sveitarfélagið Árborg. Innan deiliskipulagssvæðisins var vitað um einn minjastað áður en skráningin fór fram, býlið Fagurgerði ÁR-217:009.

Vettvangsvinna fór fram í desember 2020 og voru tvær fornleifar skráðar á svæðinu en öll yfirborðsummerki um báðar eru horfin.

Efnisorð:
Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, Fagurgerði, Sveitarfélagið Árborg, Selfoss

Summary

This report provides the results of a detailed archaeological survey carried out for the municipality of Árborg, within the town Selfoss. Before the survey took place one archaeological site was known within the area, the cottage Fagurgerði ÁR-217:009.

The fieldwork was undertaken in December 2020 and two archaeological sites were surveyed but both are badly damaged and no surface remains are visible.

Keywords:
Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, Fagurgerði, Selfoss, Sveitarfélagið Árborg

FORNLEIFASTOFNUN ISLANDS

Efnisyfirlit

1. Inngangur 6
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 8
3. Aðferðir við fornleifaskráningu 11
4. Fornleifaskrá 13
ÁR-217 Selfoss 13
5. Niðurstöður og samantekt 16
Heimildir 19

1. Inngangur

Ráðgert er að breyta deiliskipulagi innan þéttbýlisins á Selfossi, á milli gatnanna Sigtúns til vesturs og Fagurgerðis til austurs. Sveitarfélagið Árborg fór þess á leit að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér uppmælingu fornminja innan deiliskipulagssvæðis en áður hafði Byggðasafn Árnesinga á Eyrarbakka aðalskráð fornleifar á Selfossi og var stuðst við þau gögn eftir þörfum.[1] Áður en verkið hófst var ein fornleif þekkt innan svæðisins en við vettvangsvinnu voru samtals tvær fornleifar skráðar, en yfirborðsummerki um báðar eru horfin. Fornleifarnar eru báðar innan lóðarinnar Fagurgerðis 4.

Kort af skráningarsvæðinu. Minjarnar eru sýndar sem rauðir punktar en afmörkun svæðisins með hvítri línu.

[1] Margrét Hallmundsdóttir o.fl., 2008.

Fornleifaskráningin var unnin í desember 2020. Gengið var skipulega um lóðina, allir minjastaðir hnitsettir með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Um vettvangsvinnu og skýrslugerð sá Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af henni en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem eru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá

sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til uppgraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-162:001). Ef nokkar forleifar eru á hverjum minjastað er hlaupandi númer haft aftast í númerinu (ÁR-162:001_1). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkihnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á

tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan áhrifasvæði framkvæmda, teljast oftast í stórhættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan úttektarsvæðis metnir í stórhættu vegna framkvæmda utan tveggja. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.



Dæmi um skráningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

ÁR-217 Selfoss

1686: Jarðardýrleiki 20 hdr. BL, 104.
1709: Jarðardýrleiki óviss. Skálholtsstólsjörð. Kvaðir um mannslán, hestlán og dagsláttur. " Nú almennilega kallaður Foss." JÁM II, 107.
Jörðin oft nefnd Foss (fors) í fornum heimildum. Selfoss er landnámsjörð skv. Landnámu: "Þórir son Ása hersis Ingjaldssonar, Hróaldssonar, fór til Íslands ok nam Kallnesingahrepp allan upp frá Fyllarlæk ok bjó at Selforsi." ÍF I, 372.
Jarðarinnar er getið í máldaga um ferju yfir Ölfusá frá því um 1200 og þá nefnd "fors"[sjá ferjumáldagann hjá Kotferju ÁR-218:003]. DI I, 320.
Fosshjáleiga/Fosskot fór í eyði 1708. JÁM II, 107. Nýja-Fosskot eða Fagragerði í byggð á síðari hl. 18. aldar. Rauðholt gamalt eyðiból. SB II, 408-409.
1847: Jarðardýrleiki 30 1/2 hdr. JJ, 62. "Bær þessi dregur að líkindum nafn sitt af sel en ekki seli. Hefur landnámsmaðurinn eða menn hans séð þar sel í ánni og gefið flúðunum þar nafn af. Landnámsjörðin Selfoss varð þó ekki kunnasta býlið í landnámi [Sel-]Þóris, og er ekki einu sinni getið um þar um kirkju." EA, 57. Eftir að Ölfusárbrúin var byggð 1891 á Selfossi varð til þéttbýliskjarni í landi Selfoss. Áður voru þar þó hjáleigur og um aldamótin 1900 bjuggu um 40 manns á Selfossi og hjáleigum hans [...] Selfoss var klofinn úr Sandvíkurhreppi árið 1947 og gerður að sérstökum hreppi, Selfosshreppi. Gísli Gestsson. 1956, 56.
1709: "Túninu grandar Ölvessá með grjóts og sands áburði, og so spillir grasrótinni jakaburður. Enginu grandar vatn, sem jetur úr rótina, og so ágángur nábúa búsmala, og eru þær einar slægjur, sem að nýtt er úr þessu takmarki." JÁM II, 107.

ÁR-217:009_1 *Fagurgerði* bæjarstæði býli A 402147 N 383220
16.8.1784 féllu hús í Nýja-Fosskoti (Fagurgerði) í jarðskjálfta segir í Sunnlenskum byggðum II.
Í örnefnalýsingu frá árinu 1913 segir: "Fagurgerði, gamalt eyðibýli frá Selfossi í byrjun miðrar 18. aldar, eða um 1750-1764. Sjást þar enn mjög greinilegar menjar allar á þeim tóftum, er þar voru þá. Þetta er á svokölluðum Fagurgerðisflötum fyrir vestan Fjóslæk hinn forna, er nú er kallað Síki, þétt við Ölfusá, andspænis vestari varpeyju frá Laugardælum." "Nokkru austar, þar sem áin breiðir úr sér, eru Fagurgerðisflatir, harðar valllendisflatir myndaðar af sandfoki úr ánni. Vestan við þær uppi á hábarðinu er Fagurgerði, rústir hjáleigu frá Selfossi frá 18. öld." segir í bókinni Saga Selfoss. "Nýja Fosskot (Nýjakot, Fagurgerði). Hjáleiga frá Selfossi á síðari hluta 18. aldar, var aðeins byggð í 8. ár. Bærinn stóð við Ölfusá austur undir Laugardælamörkum, á hábarðinu suður frá Laugardælaeyju þar sem nú er húsið Fagurgerði 4. Vorið 1776 hófu þar búskap

Staðsetning Fagurgerðis ÁR-217:009_1, horft til austurs.

Guðmundur Jónsson, 29 ára, og Alleif Jonsdóttir, 35 ára, kona hans. [...] En í ágúst 1784 kom mikill jarðskjálfti á Suðurlandi og féllu þá eða löskuðust flest hús hjá Guðmundi í Fagurgerði […] Fór þá Fagurgerði í eyði og byggðist ekki aftur. " segir í Sunnlenskum byggðum II. Árið 1933 reisti Björn Sigurbjarnarson hús á gamla bæjarstæðinu. Í Sunnlenskum byggðum segir enn fremur: „Þá sáust þar vel vallgrónar rústir fast austan við húsið sem Símon á Selfossi sagði vera rústir Nýja-Fosskots. Sást móta fyrir baðstofu, búri og fjósi og gömlum beðum niður í brekkuna. Þar var stór steinn í henni miðri sem enn sér á og talinn vera hestasteinn." Fagurgerði er rúma 820 m austan við bæ 001 (Selfossbæ), í garði hússins sem stendur við Fagurgerði 4. Líkt og fram kemur hér ofar var býlið austan við íbúðarhúsið en öll ummerki þess eru horfin af yfirborði. Tóftin var nær húsinu en kálgarður í aflíðandi brekku til austurs. Tvær minjar eru skráðar á svæðinu, auk hestasteinsins, á svæði sem er um 16 x 13 m að stærð og snýr austur-vestur.

Garðurinn umhverfis húsið er gróinn. Þar er slétt grasflöt, malarstígar og ýmis hlaðin mannvirki. Þau eru öll frá síðari tímum og tengjast býlinu ekki. Bæjarstæðið er mikið raskað.

Staðurinn var fyrst skráður árið 2004 og upplýsingar birtust í skýrslunni *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1*. Í henni segir: „Hleðsla fannst við byggingu bílskúrs við Fagurgerði 4 en hún var mjög lág. Bílskúrinn stendur þar enn í dag og eru þar líklega fleiri leifar neðanjarðar. Hestasteinninn er djúpt í jörðu í garðinum um 10 m frá götunni í garði hússins. [...] Tóftirnar eru undir bílskúrnum við Fagurgerði 4 og hestasteinninn stendur lítið uppúr jörðinni. Virðist vera lítill en er mjög stór að sögn Arnar Óskarssonar ábúanda sem reynt hefur að grafa frá honum en ávalt gefist upp.“ Rangt er að tóftirnar séu undir bílskúrnum, þær voru fast sunnan hans og austan við íbúðarhúsið. Samkvæmt Erni heimildamanni hafa hleðslur komið í ljós við framkvæmdir á svæðinu, oftast á um 0,5 m dýpi og ljóst að einhver ummerki um býlið er þar að finna þrátt fyrir að yfirborðið sé sléttað og mikið raskað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Selfoss, 1; Saga Selfoss I, 26; SB II, 365, 408; Margrét Hallmundsdóttir, 42-43

ÁR-217:009_2 heimild um kálgarð A 402154 N 383215

Kálgarðurinn var í aflíðandi brekku til austurs frá bæ 009_1 en öll ummerki um hann eru nú horfin af yfirborði. Brekkan er um 0,8 - 1 m á hæð, aflíðandi, er röskuð og manngerð að hluta. Hún er líklega ummerki um sandbakka sem hér voru samkvæmt heimildum þegar býlið var byggt. Hestasteinninn er það eina sem sást af bæjarstæðinu en nýverið (2020) var mikið af mold sett í brekkuna og yfir steininn, hann sást ekki þegar skrásetjari var á ferðinni. Steinninn er þó enn á sínum stað. Engin ummerki kálgarðsins eru sjáanleg á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Fagurgerði ÁR-217:009_2, horft til vesturs.

Staðsetning Fagurgerðis ÁR-217:009 sýnd á loftmynd frá 1955. Engin ummerki um minjarnar sjást á henni sem er vísbending um að þær hafi verið horfnar þá.

5. Niðurstöður og samantekt

Deiliskipulagssvæðið sem tekið var út í desember 2020 er innan þéttbýlisins á Selfossi og er 5 ha að stærð. Lóðin Fagurgerði 4 er innan deiliskráningarsvæðis sem fyrirhugað er að breyta og af þeim sökum gerð krafa um uppmælingar á þeim minjum sem þar voru skráðar árið 2004. Ekki er vitað til þess að neinar framkvæmdir séu fyrirhugaðar á lóðinni. Einungis einn minjastaður er þekktur á svæðinu en það er Fagurgerði (Nýja Fosskot) sem er býli frá 18. öld. Samkvæmt ritheimildum var það byggt um 1776 en var einungis í byggð í um í 8 ár. Ekki er vitað hvort að eldri minjar voru þar fyrir. Tóftir bæjarins voru enn sjáanlegar árið 1913 og íbúðarhús var reist fast vestan þeirra árið 1933. Ekki er vitað hvenær bæjartóftinni var rutt var út en kálgarðurinn sást lengur og hestasteinn var innan hans. Hestasteinninn sást einna lengst, eða þar til hann var hulinn jarðvegi nýlega.

Staðsetning Fagurgerðis ÁR-217:009 sýnd á loftmynd frá 2020. Miklar framkvæmdir hafa átt sér stað á þessum slóðum á síðustu áratugum vegna húsbygginga, gatna- og lóðaframkvæmda.

Fagurgerði er í landi lögbýlisins Selfoss sem á sér langa sögu. Getið er um jörðina Selfoss í Landámu en samkvæmt henni nam Þórir son Ása hersis Ingjaldssonar, Kallnesingahrepp og bjó á Selfossi. Dys hans átti að hafa verið í svokölluðum Þórishólum, þar er nú Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Jarðarinnar er næst getið í máldaga um ferju yfir Ölfusá frá því um 1200 og þá nefnd "fors".[2] Kuml hafa tvisvar fundist innan þéttbýlsins á Selfossi, bæði við götuna Birkivelli. Eitt fornbýli er þekkt innan bæjarmarkanna sem kallaðist Rauðholt. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 er talið að bærinn hafi farið í eyði plágunni miklu. Tóftirnar fóru undir jarðvegsfyllingu um miðja síðustu öld.[3] Einungis eru um 400-500 m á milli kumlanna og meintar staðsetningar Rauðholts en báðir þessir staðir eru í úthögum Selfoss. Ein hjáleiga var við bæinn, Fosshjáleiga/Fosskot sem fór endanlega í eyði um 1802. Býlið Nýja-Fosskot eða Fagurgerði var byggt á síðari hluta 18. aldar í úthögum jarðarinnar, um 1 km austan við bæinn. Búsetan varaði stutt og lagðist af vegna jarðskjálfta.[4]

Upphaf þéttbýlisins á Selfossi tengist brúnni yfir Ölfusá sem var gerð 1891 og stofnun Mjólkurbús Flóamanna, í úthögum skammt frá bænum. Á þessu svæði hafa allir landshættir eins og gefur að skilja gjörbreyst á síðustu 100 árum og flestar minjar á svæðinu horfið í framkvæmdir þessu tengdu. Um aldamótin 1900 bjuggu um 40 manns á Selfossi en íbúafjöldin jókst jafnt og þétt alla síðustu öld. Selfoss var klofið úr Sandvíkurhreppi árið 1947 og gert að sérstökum hreppi, Selfosshreppi. Selfoss tilheyrir nú sveitarfélaginu Árborg sem var stofnað 1998 og um 10 þúsund íbúar eru í því öllu.[5]

Lítið er vitað um gróðurfar og landnýtingu á svæðisins áður en býlið Fagurgerði rís en líklega var þarna bithagi. Samkvæmt ritheimildum voru þarna valllendismóar myndaðir úr sandfoki frá Ölfusá. Eitt örnefni nærri býlinu vekur forvitni, Fjósalækur hinn forni sem síðar var kallaður Síkið. Lækurinn rann úr tjörn sem nú er horfin, bensínstöð N1 við Austurveg er þar nú. Lækurinn sameinaðist Ölfusá skammt austan við götuna Fagurgerði. Hvort örnefnið Fjósalækur er dregið af fjósi býlisins eða öðrum stað

2 Íslensk fornrit I, 372; Ö-Selfoss, 1; DI I, 320
3 KEKH 2000, 74-77; JÁM II, 107-108
4 SB II, 365, 407
5 Gísli Gestsson, 1956, 56

er ekki vitað. Eftir að býlið féll úr notkun líða um 150 ár áður en íbúðarhús er byggt við götuna Fagurgerði. Í kjölfarið rísa þar fleiri hús og í dag er þarna gróið íbúðarhverfi.

Samtals voru skráðar tvær fornleifar á einum minjastað innan úttektarsvæðisins, bæjarstæði og kálgarður. Engin yfirborðsummerki sjást um fornleifarnar í dag en leifar bæjarhúsanna hafa ítrekað komið í ljós við jarðrask á svæðinu þrátt fyrir að búseta hafi verið stutt á býlinu. Báðar minjarnar sem skráðar voru skilgreindar í hættu vegna ábúðar.

Heimildir

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. C.W.K. Gleerup: Lund

Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og jörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Íslands eða íslenzka menn. I. bindi. 1857-176. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenatafjelag.

Einar Arnórsson. 1950. *Árnesinga saga. II. bindi*. „Árnesþing á Landnáms- og söguöld". Guðni Jónsson (ritstjóri). Reykjavík: Áranesinga félagið í Reykjavík.

Gísli Gestsson. 1956. *Árnessýsla milli Hvítár og Þjórsár. Árbók Ferðafélags Íslands 1956*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfosskaupstaður.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns II. (**JÁM**). 1918-1921. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: J. Johnsen.

Kristján Eldjárn. 2000. Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. II. útg. Adolf Friðriksson (ritstjóri). Reykjavík.

Íslenzk fornrit I, Íslendingabók Landnáma. (**ÍF I**). 1933. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag

Margrét Hallmundsdóttir o.fl. 2008. *Aðalskráning fornleifa í Árborg 1.* 2008/2. Eyrarbakki: Bygðasafn Árnesinga.

Sarpur. Menningarsögulegt gangasafn. Skoðað 23.12.2020. Slóðin er: https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=568291

Sunnlenskar byggðir II. Flóinn. (**SB II**). 1981. Páll Lýðsson (ritstjóri). Búnaðarsamband Suðurlands.

Ö-Selfoss: *Skrá yfir örnefni á Selfossi*. Símon Jónsson skráði 1913. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum